

**Fundargerð stjórnar BÍS 05/2017, miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

## Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðslaráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS.

## Dagskrá:

### 1) Setning

Fríður Finna bauð fundarmenn velkomna.

- 2) **Fundargerðir síðustu funda:** UGS og SÁ ganga frá yfirliti yfir fundi sem skráðir eru í trúnaðarbók og hvaða fundargerðir á að samþykkja og setja á heimasíðuna. Fundargerðir 22, 23, 25, 26, 27 frá 2016. Fundargerðir 1, 2, 3, 4 -2017 eftir.

### 3) Yfirlit stjórnarmanna:

- a) **Una:** Unnið í verkefnum og manna viðburði framundan. Forsetamerkisbókin í lokavinnslu, ráðgerður kynningarfundur 12. febrúar þar sem hægt verður að skrá sig formlega í forsetamerkisvinnu. Ætlar að taka stöðuna í rekka- og róver hópnum. Foringjaspjall tókst vel, jöfn aldursskipting og um 20 manns komu.
- b) **Ólafur:** Lokaskref á Gilwell með útskrift 19 skáta í janúar sl. Áætlað að um 30 manns útskrifist í maí. Áfram unnið í mannauðsmálum og að fá nöfn fyrirliða í félögunum. Haldinn einn fundur í janúar í ráðinu. Hélt erindi í gær um uppeldishlutverk skátahreyfingarinnar hjá U3A (University of the Third Age).
- c) **Berglind:** eru að undirbúa ungmennapíngið sem verður 11. febrúar, góður vinnufundur og opinn fundur í síðustu viku um niðurstöður ungmennapings 2016, um 12 manns mættu. Þau ætla að kanna áhuga með að fara með þá niðurstöðu lengra. Nokkrir eru að skipuleggja Unga talsmenn. Opið fyrir skráningu og gengur vel, myndir og skemmtilegir textar settir inn á sem auglýsingar. RUS dagur verður í mars –verður bara einn dagur en hægt að framlengja með gistingu og gleði.
- d) **Sonja:** Vinna með skrifstofu í fjárhagsáætlun, er áfram í vinnslu. Fundir hjá dótturfélögum, Skátamótum og ÚSÚ. ÚSÚ skoðar með sóknarfæri því sumarbúðir rétt standa undir sér.
- e) **Fríður Finna:** Engin stórverkefni hjá skátahöfðingja sem eru útistandandi. Ráðuneytisfundir og ÚSÚ samningar og þarf einhvern með lögfræðipækkingu í það. Félagaráðsfundur. Blönduós er að komast í gang eftir jólafrí.
- f) **Heiður Dögg:** Upplýsingaráðsfundur, Ungir talsmenn bráðlega og í góðum undirbúningi. Rætt um haustið og að margar ljósmyndir og myndbönd ættu að vera til eftir sumarið svo hægt verði að hefja kynningarherferð – gott að undirbúa það. Ráðið ætlar að hafa vinnudag bráðlega. Skátabúðin og búningamál rætt í ráðinu.

- g) **Jón Þór:** Komnar nokkrar umsóknir í Roverway 2019 fararstjóra, verður afgreitt fljótlega. Verkaskipting ráðsins er frágengin en getur verið breytileg. Ráðið hefur tekið saman stefnur BÍS á ensku og þeir sem fara á erlenda grundu fá þetta sent til að fara yfir til að kynna íslenska skátahreyfingu. Fyrirspurnum um að koma til Íslands er yfirleitt beint til Úlfjótsvatns. Vítamínkvöld um alþjóðamál – um 30 þátttakendur, tókst vel.

#### 4) Meginviðfangsefni 1:

- Aukaskátaþing 4. febrúar.
- Skátaþing 10.-11. mars 2017, dagskrá, lagabreytingar, hæfniviðmið ráða ofl. Frestað – verður tekið fyrir á næsta fundi. Senda strax út tilkynningu til uppstillingarnefndar og Skátaréttar að formaður skátaréttar hafi sagt sig úr réttinum og það þurfi að kjósa nýjan formann á næsta Skátaþingi.
- Ef þingi er frestað til hausts – það er gert ráð fyrir að fólk í ráðum BÍS sé kjörið á milli þinga en fólk getur sagt sig frá störfum hvenær sem er. Ráðin geta skipað vinnunefndir til að aðstoða við ýmis verkefni. Störf ráða verða óbreytt fram að næsta þingi ef vorþing frestast.
- Fjárhags- og starfsáætlun þarf að samþykkja á skátaþingi – spurning hvað gerist ef þingi er frestað til hausts, hvort félagsforingjafundur fær umboð.
- Glærur fyrir þingið. Skrifstofa útbýr glærur með dagskrá, nöfnum og myndum af fundarstjórum og ritara, nöfnum kjörnefndar og allsherjarnefndar.
- Stjórn BÍS leggur til tillögur að fulltrúum í allsherjarnefnd og kjörnefnd.

#### 5) Meginviðfangsefni 2:

- Starfs- og fjárhagsáætlun 2017. Starfsáætlanagerð og meginviðfangsefni stjórnarfunda 2017. Er í vinnslu, frestað til næsta fundar.

#### 6) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- Búningareglugerðin.** Skoða hvort það er misræmi í orðum „orðmerkið“ eða „merki BÍS“. Una sendir athugasemdir á Heiði sem samræmir og reglugerðin verður frágengin tímanlega fyrir skátaþing í mars þar sem reglugerð verður kynnt. Lagt fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.  
Samtvinnuð merki WAGGS og WOSM er ólöglegt en fólk vill halda því.
- Fá stjórnarmeðlim til að koma á **endurfundi í hádeginu 13. febrúar** og kynna stöðu mála í skátunum. Una og Ólafur koma.
- Sumardagurinn fyrsti.** Sonja er í sambandi við Stefaníu hjá Skátakórnum um aðkomu þeirra að hátíðahöldunum.
- PWC fjármálaúttekt.** Tryggvi Jónsson endurskoðandi hefur umsjón með þessu og er með fólk í vinnu við verkefnið. Skýrsla er væntanleg upp úr miðjum febrúar. Beðið er um tillögur og upphæðir varðandi fulla endurskoðun vs. könnunarendurskoðun á bókhaldi og fjárreiðum.

#### 7) Mál til kynningar:

- Tillögur með aðild einstaklinga, félagsaðild D. Einstaklingar þurfa að vera 18 ára og eldri.** Tveir möguleikar: **Styrktaraðild** – borga fyrir styrktarpinnann, þurfa ekki að skrá sig í félagatalið og við höfum takmarkaðar upplýsingar um viðkomandi. Styrktaraðilar hafa ekki aðgang að viðburðum hreyfingarinnar umfram það sem almenningur hefur. **Virk**

**aðild:** Þeir skulu skila sakaskrárheimild og skrifa undir drengskaparheitið, viðkomandi er ekki skráður í ákveðið félag, greiðir sama félagsgjald til BÍS og styrktarpinninn kostar. Þeir sem eru skráðir í baklönd félaganna eru á þeirra ábyrgð og á ábyrgð félaganna að viðkomandi skili inn sakaskrárheimild.

## 8) Önnur mál

- a) **Skátaréttur** – skrifstofa tilkynnir uppstillingarnefnd og meðlimum Skátaréttar um úrsögn Barkar Hrafnssonar úr skátarétti.
- b) **Arnór Bjarki Svarfdal hefur verið ráðinn sem verkefnastjóri í Alþjóða skátamiðstöðinni í Kandersteg.** Hann mun m.a. vinna við 2. Heimsmenntaþingið í maí nk. Stjórn BÍS óskar Arnóri Bjarka til hamingju og velfarnaðar í starfi.
- c) **Endurskoðun viðbragðsáætlunar:** Nokkrir aðilar eru nú þegar komnir í nefnd um endurskoðun og verður nefndin fullmönnuð fyrir helgi. Endurskoðunin verður unnin í samstarfi við Æskulýðsvettvanginn.
- d) **Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti 2017.** Skátarnir leggja til nafn og kostnað allt að 30 þús. en ekki vinnu starfsmanna.
- e) **Skátafréttir:** Hafa tilkynnt að þeir munu ekki fara í loftið að sinni.

Fundi slitið kl. 21.13  
Fundargerð ritaði SÁ.

## Úr viðburðadagatali BÍS:

4. feb.	<b>Aukaskátaping</b>
11	<b>Ungmennaping</b>
13	<b>Endurfundir skáta</b>
18.-19	<b>Skyndihjálparnámskeið 12 klst.</b>
22.	<b>22. febrúar</b>
25-26	<b>Ungir talsmenn skáta</b>
17.-24.	<b>Vetraráskorun Crean</b>
16	<b>Vítamínkvöld - Magnaðar minjar</b>
	<b>Styrktarpinni skáta</b>
1. mars	<b>12 tíma ljósmyndaáskorun rekka- og róverskáta</b>
1	<b>Skráning í sumarbúðir skáta Úlfjótuvatni</b>
5	<b>Drekaskátadagur</b>
10.-12.	<b>Skátaping</b>
10.-12.	<b>IC Network Meeting</b>
13	<b>Endurfundir skáta</b>
15	<b>Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða BÍS</b>
16	<b>Vítamínkvöld - Hatursorðræða á netinu</b>
17-19	<b>Leiðtoganámskeið - Skátapepp</b>
18	<b>Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref</b>
	<b>Róverskátahelgin - ekki endanleg dagsetning</b>
25	<b>Rödd ungra skáta</b>
25	<b>Félagsstjórnanámskeið</b>
26.-26.	<b>Réttindanámskeið Úlfjótsvatns 1: "Bogfimi" og "Eldað fyrir hópa"</b>

mars/apríl	<b>Gilwell leiðtogapjálfun 3. skref - ekki á dagatal</b>
1.-2. apríl	<b>Réttindanámskeið Úlfljótsvatns 2: "Klifur" og "Bátar"</b>
4	<b>Fundur BÍS og SSR ásamt félagsforingjum í Rvík um uppbyggingu skátastarfs í Rvík</b>
7-14	<b>Auður djúpúðga - útivistaráskorun rekkaskáta</b>
10	<b>Endurfundir skáta</b>
	<b>Íslenski fáninn í öndvegi</b>
19.-23	<b>Agora 2017 - Delft, Netherlands</b>
20	<b>Sumardagurinn fyrsti</b>
20	<b>Skátafélagið Vífill fagnar 50 ára afmæli</b>
27	<b>Vítamínkvöld - Útivist í skátastarfi</b>
19.-23	<b>Young Spokesperson Training (við höldum þetta fyrir WOSM)</b>
28-30	<b>Hrollur - ævintýrleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta</b>